

8. fundur stjórnar Siðmenntar, haldinn á Hafnartorgi fimmtudaginn 15. september klukkan 17-19

Mætt á Hafnartorg; Inga Auðbjörg Straumland formaður, Sveinn Atli Gunnarsson, Sigurður Rúnarsson, Guðjón Sigurbjartsson og Mörður Árnason auk Sigprúðar Guðmundsdóttur framkvæmdastýru sem skrifaði fundargerð. Mætt á fjarfund; Kristín Helga Schiöth og Hope Knútsson. Kristín Sævarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá / fundargerð

1. **Fundatími;** stjórn ákveður fundartíma annan hvern fimmtudag og skal annar hvor fundur vera fjarfundur.
2. **Samstarf stjórnar og nýs framkvæmdastjóra,** ákveðið að framkvæmdastýra og formaður fundi reglulega og boði stjórnarfundi að minnsta kosti viku fyrir fund.
3. **Erindi frá athafnaráði vegna skipunar í ráðið og athafnastjóraþings;** samþykkt tillaga athafnaráðs um að skipa þær Önnu Brynju Baldursdóttur, Írisi Stefaníu Skúladóttur og Margréti Gauju Magnúsdóttur í ráðið. Þar sitja fyrir Arnar Snæberg Jónsson og Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson en Tinna Jóhannsdóttir er starfsmaður ráðsins. Athafnaráði falið að vinna áfram að undirbúningi athafnastjóraþings í október og gera í samvinnu við framkvæmdastjóra kostnaðaráætlun og kynna fyrir stjórn á næsta fundi. Kostnaðarþátta athafnastjóra rædd og þátttaka stjórnarfólks. Athafnaráði og framkvæmdastýru falið að endurskoða embættisbréf fyrir athafnaráð og farið fram á að í endurskoðuðu embættisbréfi verði gert ráð fyrir að ráðið kjósi sér formann. Tillaga athafnaráðs um að ráðið fundi með stjórn tvisvar á ári samþykkt.
4. **Markaðsmál;** umræða um mikilvægi þess að hafa skýra stefnu um auglýsingar, ákveðið að leggja aukna áherslu á samfélagsmiðla og minnt á gamlar ákvarðanir um endurskoðun bæklinga og auglýsingaherferð í nóvember. Framkvæmdastýru falið að finna dag fyrir vinnufund þar sem áhugasöm um málið komi saman og móti markaðsstefnu.
5. **Borgaraleg ferming, mannauðsmál og fyrirkomulag fræðslu,** rætt um vöntun á utanumhaldi yfir faglega starfið og stuðning við leiðbeinendur í kjölfar þess að staða kennslustjóra og kennsluráð voru lögð niður. Framkvæmdastýru falið að koma með tillögu að ráðningu starfsmanns í tímabundið starf til að koma í veg fyrir að þessi hluti starfsins leggist ofan á störf verkefnisstjóra borgaralegra ferma.
6. **Þingsetningarathöfn;** 14 þingmenn mættu, ný staðsetning í Tjarnarbíói hentaði vel.

7. **Húsnæðismál;** nýr leigusamningur tekur gildi 20. september og flytur starfseminn í framhaldinu á Laugaveg 178.
8. **Humanistkonferance í Olsó;** Human-Etisk forbund hefur boðið tveimur þátttakendum á ráðstefnuna, ákveðið að framkvæmdastýra og Kristín Helga fari.
9. **Mannréttindafing og ársfundur MRFÍ;** Kristín Helga gefur áfram kost á sér í fulltrúaráð og mun sitja þing og ársfund.
10. **Gerð persónuverndarstefnu;** framkvæmdastýru falið að stýra þeirri vinnu.
11. **Önnur mál**
 - a) Fundur í franska sendiráðinu vegna tilkynninga sendiráðsins um að Frakkar geti ekki lengur gift sig löglega á Íslandi, Mörður og Tinna Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri athafna munu sitja fundinn
 - b) Samþykkt að formaður fari fyrir hönd Siðmenntar á fund European Humanist Professionals í Osló í október

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:00.